



Handknattleikssamband Íslands
Icelandic Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049



67. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2017

Þingskjal nr: 4

Lagabreyting
Flutningsaðili: KA

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundin skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild ~~skulu 2 neðstu liðin falla skal neðsta liðið falla~~ og efsta liðið í 1. deild ~~tekur sæti þess. Liðið í 11 sæti í úrvalsdeild leikur umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári, ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



C. Umspil 1. deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1. deild mætir liði ~~3~~ í 1. deild.

Lið ~~3-11~~ í ~~4-úrvals~~-deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1. deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Það er algjörlega borðliggjandi að betrubæta umspilið um laust sæti í úrvalsdeild með því að taka 11. sætið í Olís-deildinni inn í það.

Fyrir því liggja þónokkur rök:

- 1) Þar sem U-lið, sem skipa stærstan hluta liða í Grill66 deildinni geta ekki farið upp hefur undanfarin ár verið „auto“ fyrir tímabil hvaða lið keppa í umspili um laust sæti í úrvalsdeildinni. Þetta hefur orðið til þess að:
 - a. Þó að lið falli tölfræðilega, á það samt möguleika á að fara upp
 - b. Lið geta spilað heilan vetur án þess að vinna leik en samt farið upp í úrvalsdeild
 - c. Lið geta styrkt sig 30. Janúar um þónokkra leikmenn og gert atlögu að úrvalsdeild, búnir að spila (og tapa) öllum leikjum fram að því
 - d. Undanfarin 2 ár hafa bara verið fjögur félög í Grill66 sem mega fara upp, og því ljóst strax að hausti að 1 lið fer beint upp og 3 í umspil (sem ættu í raun að vera fjögur)
 - e. Með þessu er hægt að gefa liðunum í Grill66-deildinni meiri tíma til að byggja upp sín lið og gera þau tilbúnari til að fara upp í Olís-deildinni og vera keppnishæf þar. Mörg dæmi sýna að lið úr Grill66-deildinni hafa „neyðst“ til að fara upp án þess að vera í raun tilbúnir í það. Sem hefur síðan kostað þau að þau hafi fallið strax aftur og misst sína bestu leikmenn til stærri félaga.

Formatted: Font color: Red



Handknattleikssamband Íslands Icelandic Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049

- 2) Liðin sem hafa komið upp um deild (tvö á hverju ári) hafa ítrekað fallið beint aftur. Þau eru ekki nægilega sterk til þess að standa af sér úrvalsdeildarbaráttu á fyrsta ári. Það að bæta 11. Sætinu í umspil verður til þess að úrvalsdeildarliðin hafi meiri möguleik á að tryggja sæti sitt og bæta sitt lið og umgjörð áfram.
- 3) Á síðastliðnum 9 árum eru bara þrjú félög sem hafa komið upp úr Grill66 deildinni og haldið sæti sínu í deildinni, KA, HK og Gróttu. Hin liðin hafa komið upp og fallið strax aftur.

Með því að taka 11. Sætið í umspilið verður þessi ávinningur:

- a. Umspilið verður sterkara, m.v. úrslitin og spennuna í umspili kvennamegin undanfarin ár.
- b. Lið geta ekki farið á frípassa í gegnum Grill66 deildina og gert atlöguna að sætinu í úrvalsdeild.
- c. Við búum til stábilari úrvalsdeild
- d. Við búum til fleiri leiki í „úrslitakeppni“ sem laðar að fleiri áhorfendum, gefur félögunum tekjur og býr til meiri stemmingu.

Við viljum að 11 sætið spili við 4. Sætið í Grillinu, og 2.og3.sætið mætist í „undanúrslitum“. Það er til þess að enginn sitji hjá, og fari í 3 vikna pásu í apríl. Jafnari grundvöllur, fleiri leikir sem gefa tekjur og stemmingu.